

271. fundur 13. des. 2007

**Fundargerð 271. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 13. desember 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

**Dagskrá:**

**Fundargerðir:**

1. Fundargerð 270. fundar hreppsnefndar 15. nóvember 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 14. nóvember 2007. Afgreidd á síðasta fundi.

**Til afgreiðslu:**

1. Kauptilboð í Vogaland. Tilboðinu hafnað og ákveðið að gera gagntilboð.
2. Bréf dags. 9. nóvember 2007 frá Snorraverkefninu með beiðni um stuðning við verkefnið. Erindinu hafnað.
3. Bréf dags. 15. nóvember 2007 frá Stígamótum með beiðni um stuðning. Ákveðið að styrkja verkefnið um 10.000,00 kr.
4. Tvö bréf dags. 22. nóvember 2007 frá Sögufélagi Barðastrandasýslu með beiðni um styrk vegna útgáfu árbókar Barðastrandasýslu 2007. Erindið samþykkt.
5. Deiliskipulagstillaga í Bjarkalundi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Bjarkalundi var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. Skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997. Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma. Tillagan er samþykkt.
6. Fjárhagsáætlun 2008, fyrri umræða. Útsvarsprósenta ákveðin 13,03%. Fasteignagjöld ákveðin: A: 0,45% B: 1,5% Almenn vatnsgjald 0,5% á fasteignamat, aukavatnsgjald 16 kr. pr. rúmmetra. Áætluninni vísað til seinni umræðu.

**Til kynningar:**

1. Bréf dags. 16. nóvember 2007 frá Bergsveini Reynissyni varðandi húsnæði fyrir Arnarsetur Íslands. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf dags. 14. nóvember 2007 frá Ungmennafélagi Íslands með hvatningu til markvissrar fegrunar á umhverfi íþróttamannvirkja. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf dags. 28. nóvember 2007 frá Lánasjóði sveitarfélaga með tillögu um að kanna möguleika þess að sveitarfélög stofni með sér félag um byggingu og rekstur fasteigna sveitarfélaganna. Lagt fram til kynningar.
4. Bréf dags. 29. nóvember 2007 frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með reglugerð um lögreglusamþykktir. Lagt fram til kynningar.
5. Bréf dags. 5. desember 2007 frá Félagsmálaráðuneytinu um stefnumarkandi áætlun félagsmálaráðuneytis og Barnaverndarstofu og með hvatningu til sveitarfélaga um að gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndarnefndar innan sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjaðarbæjar, sem fer með barnaverndarmál Reykhólahrepps.

Önnur mál:

1. Erindi frá Karli og Rebekku varðandi nýtt nafn á Tilraunastöðina. Borist hafa tvö erindi með tillögum að nafni. Lagt er til að auglýsa eftir fleiri tillögum að nýju nafni á Tilraunastöðina. Samþykkt.
2. Bréf dags. 11. desember 2007 frá Vegagerðinni vegna Hofsstaðavegar-Þorskafjarðarvegar. Hreppsnefnd lýsir óánægju sinni með svör Vegagerðarinnar og telur svörin ekki fullnægjandi.
3. Bréf dags. 7. desember 2007 frá Skipulagsstofnun um veglagningu í Gautsdal. Bréf Skipulagsstofnunar staðfestir skoðun hreppsnefndar þess efnis að Vegagerðin hafi ekki farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna breytinga á legu Arnkötludalsvegar.
4. Kostnaðartölur vegna sparkvallar. Egill kynnti stöðu mála.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:50

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)